

Kreppa og stríð 1930–1945

Barnabókahöfundarnir í Austurbæjarskóla

Í bókmenntasögu segir um barna- og unglingahöfunda, sem komu fram á tímum kreppu og stríðs, að þeir eiga það sameiginlegt að vera eða hafa verið kennarar við hinn nýja barnaskóla, Austurbæjarskólann. Kennararnir lögðu metnað sinn í að skrifa vandaðar bækur fyrir börn og unglunga.

- a. Hverjir voru þessir höfundar? Hvað skrifuðu þeir? Hvernig skrifuðu þeir? Fyrir hvaða aldurshópa voru verk þeirra? Hafa verk þeirra staðist tímans tönn? Rök. Farðu á bókasafn og finndu eina bók eftir hvern höfund, lestu aftan á kápu og veltu því fyrir þér hvað sá texti segir.
- b. Austurbæjarskólinn hefur lengi getað státað af góðum höfundum, einn þeirra sem er nýhættur kennslu er Vilborg Dagbjartsdóttir. Hvað hefur Vilborg skrifað fyrir börn? Kortleggðu rithöfundarferil Vilborgar, þ.e. þá hlið sem snýr að börnum.

Heimildir:

Íslensk bókmenntasaga V. bindi. 2006. Mál og menning, Rv.

Íslensk bókmenntasaga IV. bindi.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1981. **Íslenskar barnabækur 1780–1979**. Mál og menning, Rv.